

Staðarval fyrir álver:

## Skiptar skoðanir um um minnisblað ráðgjafanefndarinnar

EYFIRÐINGAR og Reyðfirðingar eru ósáttir við það mat á staðarvali fyrir álver, sem fram kemur í minnisblaði ráðgjafanefndar iðnaðarráðuneytisins, sem greint var frá í Morgunblaðinu á þriðjudag. Í minnisblaðinu er meðal annars sagt, að Keilisnes á Reykjanesi uppfylli öll skilyrði Atlantálfyrirtækjanna og að stofn- og reksturskostnaður þar verði lægri en við Eyjafjörð og Reyðarfjörð.

### Austfirðingar mega ekki glata þessu tækifæri

Atvinnuálanefnd Reyðarfjarðar samþykkti á fundi á mánudaginn ályktun um staðsetningu álversins. Þar segir meðal annars, að fullyrðingum, sem fram hafi komið um yfirburðastöðu Keilisness umfram Reyðarfjörð, sé alfarið vísað á bug. Aðeins tvö atriði séu talin draga úr möguleikum Reyðarfjarðar og þau séu reist á vafasömum forsendum.

Í fyrsta lagi sé gert ráð fyrir dýrari mengunarbúnaði á Reyðarfirði, svokölluðum vothreinsibúnaði. Því verði varla trúað að óreyndu, að aðilar sem standa að hollustuvernd og mengunarvörnum geri minni kröfur í þeim efnum á Keilisnesi, sem sé aðeins í um 10 kílómetra fjarlægð frá útjadhri höfuðborgarsvæðisins. Kröfur um mengunarbúnað af fullkomnu gerð hljóti alls staðar að vera hinar sömu, hvort sem í hlut eigi höfuðborgarbúar eða Austfirðingar.

Í öðru lagi sé reiknað með miklum kostnaði við aðflutning vinnuafis vegna álvers á Reyðarfirði, en þar sé gengið út frá sömu forsendum og við byggingu virkjana í óbyggðum. Atvinnuálanefnd telur að þarna sé hallað réttu máli- og beinir því til fulltrúa íslenskra stjórnvalda að gera viðsemjendum sínum í Atlantálfhópnum grein fyrir því.

Þá segir í ályktuninni að atvinnuálanefndin vari eindregið

við því ástandi sem skapist í fjórðungnum ef nýju álveri yrði valinn staður á Reykjanesi og öll virkjanleg orka Austurlands flutt burt. Austfirðingar megi ekki undir neinum kringumstæðum glata þessu mikla tækifæri í atvinnumálum. Er skorað á stjórnvöld að gera það sem í þeirra valdi standi til að Reyðarfjörður verði fyrir valinu og standa þannig vörð um árangur af áralangri baráttu við verðbólgu, en þensluáhrif á þjóðarþúð verði minnst ef álverið verði reist á Austurlandi.

### Þjóðhagslega hagkvæmast að byggja við Eyjafjörð


„Eftir því sem ég veit best, er meirihluti þingmanna þeirrar skoðunar, að nýtt álveri skuli staðsett úti á landsbyggðinni og iðnaðarráðherra hlýtur að gera sér grein fyrir því,“ segir **Haldór Blöndal**, alþingismaður Sjálfstæðisflokksins í Norðurlandskjördæmi eystra.

„Ég er ekki í vafa um að það er þjóðhagslega hagkvæmast að staðsetja álverið við Eyjafjörð,“ segir hann. „Við Eyjafjörð og á Skjálfandarsvæðinu býr tíundi hluti þjóðarinnar og ég sé ekki hvernig á að vera hægt að halda uppi heilbrigðri byggðastefnu öðruvísi en að festa þessa byggð í sessi og skapa almenn skilyrði fyrir því að margvísleg atvinnustarfsemi geti þróast þar.“

Haldór segir að nauðsynlegt sé að breikka grundvöll atvinnulífsins á þessu svæði. „Það hefur

## Staðarval fyrir álver

Sex staðir eru enn taldir koma til greina fyrir byggingu álvers Atlantálfhópsins á Íslandi, þrjár í Reyðarfirði, tveir í Eyjafirði og einn á Reykjanesi.



ekki verið búð þannig að fiskvinnslunni að hún geti tekið við meiri mannafla, heldur ekki að samkeppnisiðnaði á borð við skipasmíða- og ullariðnaðinn og ekkert bendir til frekari uppbyggingar smáíðnaðar. Álver myndi hins vegar treysta stöðu atvinnulífsins við Eyjafjörð.“

Í minnisblaði ráðgjafanefndar iðnaðarráðuneytisins, segir að samkvæmt fyrstu vísibendingum verði kostnaðarauki af því að byggja álver við Eyjafjörð eða Reyðarfjörð miðað við Keilisnes, 20 til 40 milljónir bandaríkjadala. Haldór Blöndal segist ekki hafa séð hvernig komist hafi verið að þeirri niðurstöðu. „Þar virðist vera miðað við kostnað við byggingu álvers án þess að líta á málið í

viðara samhengi. Til dæmis myndi bygging álvers á Keilisnesi kalla á aukna umferð á Reykjanesi og umfangsmiklar vegaframkvæmdir í kjölfar þess. Í Eyjafirði þolir vegakerfið hins vegar aukna umferð. Auk þess er ekki tekið tillit til kostnaðar vegna þeirra gifurlegu fólksflutninga, sem bygging álvers á Reykjanesi hefði í för með sér. Mér sýnist því að þetta dæmi sé vitlaust lagt upp,“ segir Haldór.

### Tek fullyrðingum um lægri kostnað með fyrirvara

**Hilmar Sigurjónsson** oddviti á Reyðarfirði segist taka fullyrðingum í minnisblaðinu um lægri kostnað á Keilisnesi með fyrirvara. Jafnframt komi önnur atriði

þar sér á óvart, enda ekki í samræmi við þær upplýsingar, sem Reyðfirðingar hafi fengið í viðræðum vegna álversins.

Í minnisblaðinu var talið að mengun frá álveri í Reyðarfirði gæti haft áhrif á gróður í dalbotninum og í þorpinu en Hilmar segir að vegna vindáttu þurfi ekki að hafa áhyggjur af þessum atriðum. Fólksfæð á svæðinu eigi heldur ekki að hafa áhrif. „Ef álverið yrði staðsett á Keilisnesi er ljóst, að meirihluti starfsmanna myndi búa í Reykjavík. Það þýðir, að það myndi taka lengri tíma fyrir þá að safnast saman og fara suður á Keilisnes heldur en fyrir menn hér úr nágrennabyggðunum að komast hingað, verði álverið staðsett hér,“ segir Hilmar.

## Stöð 2 og Eignarhaldsfélag Verslunarbankans:

# Erindinu verður svar- að þegar það berst

— segir Einar Sveinsson

**EINAR Sveinsson** varaformaður Eignarhaldsfélags Verslunarbankans segir að erindi Íslenska sjónvarpsfélagsins, sem rekur Stöð 2, verði svarað þegar það berst.

Meirihluti eigenda Stöðvar 2 ætlar að óska skýringa á misræmi á upplýsingum, sem Eignarhaldsfélagið gaf um fjárhagsstöðu

Stöðvar 2 í janúar sl., og niðurstöðu endurskoðaðra reikninga Stöðvar 2.

Einar sagði ljóst að þarna væri um stórt mál á ferðinni, en að hann hefði ekki kynnt sér forstögu þess nægilega vel til að svara til um efnisatriði. Einar Sveinsson kom inn í stjórn Eignarhaldsfélagsins á síðasta aðalfundi þess í lok apríl. Þá var Haraldur Haraldsson kosinn formaður, en hann er einnig stór hluthafi í Stöð 2, og í hópi meirihlutans. Ekki náðist tal af Haraldi í gær.

Í reikningum Stöðvar 2 kemur fram, að heildarskuldir um áramót námu 1496 milljónum króna. Neikvætt eigið fé, það er skuldir umfram eignir, var 671 milljónir, og 155 milljóna króna tap varð á rekstri fyrirtækisins árið 1989. Þá gerðu endurskoðendur athugasemdir við 24 milljóna króna skuld fyrri aðaleigenda við Stöð 2, og að yfirverð hefði verið greitt fyrir fasteign. Eignarhaldsfélag Verslunarbankans, hafði hins vegar upplýsingar um að neikvætt eigið fé væri 500 milljónir um síðustu áramót, og að reksturinn yrði á núlli. Á þessu ári hefur komið inn 500 milljóna króna nýtt hlutfé, sem aðallega var notað til að greiða niður skuldir.




Nína Gautadóttir við eitt verka sinna

## Nína Gautadóttir sýnir á Kjarvalsstöðum

**NÍNA Gautadóttir** opnar málverkasýningu á Kjarvalsstöðum laugar- daginn 14. júlí kl. 14. Verkin á sýningunni eru öll unnin á síðustu tveimur árum, og er uppspretta þeirra áhugi Nínu fyrir skrift og táknriti, en hún notar rúnaletur, forn-egyptsku og fjölkynngitákn í myndir sínar.

Nína er fædd í Reykjavík 1946. Hún lauk hjúkrunarprófi frá Hjúkrunarskóla Íslands 1969. Árið 1970 fór hún til Frakklands þar sem hún stundaði nám í Listaháskóla Parísarborgar og lauk þaðan brottfarar- prófi í málalag 1976. Hún stund-

aði einnig framhaldsnám í höggmyndun við sama skóla. Nína dvaldi í nokkur ár í Níger og Kamerún í Afríku og vann um tíma í vefnaði og með leður. Hún býr nú og starfar í París.



Mynd franska ljóðskáldsins Baudelaire er á forsiðu fyrsta tölublaðs Tímaritsins 2000.

## Tímaritið 2000 komið út

**TÍMARITIÐ 2000** hefur hafið göngu sína og verður haldið upp á útkomu fyrsta tölublaðsins á Hótel Borg á föstudagskvöldið. Tímaritið 2000 er 132 blaðsíður og er prentað í stærðinni 49 x 29 sm. Aðstandendur tímaritsins 2000 eru Ari Gísli Bragason, Lars Emil Árnason, Sigurjón Ragnar og Þorsteinn Siglaugsson.

Í fyrsta tölublaðinu eru m.a. greinar um arkitektúr og hönnun, bókmenntir, myndlist og tízku og sérstök áhersla er lögð á ljósmyndir.

Á Hótel Borg verður fyrsta tölublað tímaritsins kynnt, og klukkan 21 hefst ljóðalestur.

Þá lesa höfundarnir Nína Björk

Árnadóttir, Sigfús Bjartmarsson, Kristján Þórður Hrafnsson, Margrét Lóa Jónsdóttir og Ari Gísli Bragason les úr ljóðahandriti Steinars Jóhannssonar.

Þá verður tízkusýning og eftir hana ýmsar uppákomur og stuttu eftir miðnætti hefur hljómsveitin Júpiter leik.